

SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

147. fundur. Haldinn miðvikudaginn 11.maí kl. 16:30 í Leikskóla Stykkishólms

Nefndarmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson fulltrúi, Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi, Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir fulltrúi. Magda Kulinska forfallaðist á síðustu stundu.

Áheyrnarfulltrúar: Ingunn Sif Höskuldsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans og Sólbjört S. Gestsdóttir, trúnaðarmaður Leikskólafélagsmanna.

Skólastjóri leikskóla: Sigrún Þórsteinsdóttir

Formaður setti fund kl. 16:30

Fundurinn var helgaður málefnum leikskólans.

Dagskrárliðir

1) Skýrsla skólastjóra leikskólans

- a) Starfsmannaviðtölum er lokið. Fólk er ánægt í vinnunni og starfsánægjan skilar sér til barnanna. Útskriftarárgangurinn (fædd 2010, 21 barn) er stór og kraftmikill.
- b) Mjög litlar mannabreytingar verða fyrir næsta vetur, mesta lagi ein staða.
- c) Nú er búið að úthluta leikskólaplássi fyrir börnin sem verða tekin inn í byrjun júní og hefst aðlögun mánudaginn 6. júní. Það eru sex börn sem byrja á yngstu deildinni og eitt sem byrjar á elstu deild.
- d) Einnig er byrjað að úthluta leikskólaplássi fyrir sjö börn sem byrja í ágúst. Allir foreldrar sem eiga umsókn eiga nú pláss fyrir börn sín.
- e) Skóladagatalið er tilbúið og verður dreift á fundinum. Dagskipulag verður skoðað næsta vetur með breytingar í huga.
- f) Vinna við skólastefnu er langt komin. Vinnan hefur opnað á möguleg ný samstarfsverkefni við Grunnskóla og Tónlistarskóla.
- g) Vinna við skólanámsskrá er einnig langt komin, ekki fullvíst hvenær hún kemur út. Vonir standa til að verki ljúki í haust.
- h) Vorskólinn gengur vel en þar er 21 barn sem fer í 1. bekk næsta vetur. Nú eru 72 börn í leikskolanum en verða 70 frá og með ágúst.
- i) Foreldraviðtöl eru núna á tveimur elstu deildum en er lokið á yngstu deildinni. Þá hafa bæði sálfræðingur (Inga) og talmeinafræðingur (Elmar) heimsótt skólann nú í vor.

- j) Skólastundarferðin er 19. maí
- k) Útskrift elstu barna er 26. maí.
- l) Sumarhátíð verður fimmtudaginn 16. júní.
- m) Leikskólinn fær bráðlega fimm fartölvur fyrir starfsfólk.

2) Bréf (3. maí, 1605057SA GB, málalykill 04.23) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um kostnað foreldra vegna kaupa á námsgögnum. Nefndin hvetur til að farið verði yfir þessi mál í Grunnskóla Stykkishólms og kostnaður með hverju barni kannaður eftir árgöngum. Í kjölfarið verði leitað leiða til að draga úr kostnaði eða samnýta ritföng sem eru sjaldan notuð.

3) Skóli án aðgreiningar: „Að finna balansinn“. Framlagt. Samband íslenskra sveitarfélaga efnir til morgunverðafunda um skólamála. Fyrsti fundurinn var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þann 10. maí 2016. Fundurinn var tekinn upp og hægt að horfa á hann [hér](#).

4) Minnt er á skólaping Stykkishólmsbæjar, sem verður haldið laugardaginn 21. maí en þar mun bæjarbúum gefast kostur á að fjalla um skólastefnuvinnuna.

5) Bréf frá félagi stjórnenda leikskóla til rekstraraðila vegna sérfræðipjónustu við leiksskóla, sem felur í sér lögbundinn stuðning annars vegar við börn og foreldra og hins vegar innri starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

Í bréfinu stendur m.a.: „Borist hafa ábendingar til Félags stjórnenda leikskóla um tilfelli þar sem leikskólastjórnendur búa við það starfsumhverfi að sérfræðipjónusta sem snýr að ráðgjöf og stuðningi við starfsmenn og starfsemi leikskóla sé lítt aðgengileg og jafnvel alls ekki fyrir hendi. Í lögum um leikskóla er kveðið á um annarsvegar stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðning við starfsemi og starfsfólk leikskóla og er í þessu bréfi átt við það sem síðar er nefnt. Sem dæmi um afleiðingar þess að leikskólastjórnendur hafa ekki aðgang að sérfræðipjónustu til ráðgjafar og stuðnings við starfsmenn leikskóla má nefna að fjöldi þeirra sem leita til Virk vegna kulnunar og streitu hafa ekki fengið handleiðslu eða stuðning áður en í óefni var komið. Leikskólastjórnendur sjálfir fara langt út yfir mörk eðlilegs vinnuframlags og álags til þess að halda viðkvæmum stofnunum gangandi og eru þannig sjálfir í hættu varðandi langvarandi veikindi. „

Fjallað er um þetta í lögum um leikskóla 2008 nr. 90, 21., 22., og 23. grein. Leikskólafulltrúi er starfsmaður sveitarfélags (eða gerður er

þjónustusamningur milli nærliggjandi sveitarfélaga) og sinnir stoðþjónustu við leikskóla og kemur m.a. að endurmenntun og símenntun. Þessi þjónusta er ekki virk í Stykkishólmi, og dregur það úr tækifærum starfsfólks á að sækja námskeið eða leitað sér upplýsinga eða ráðgjafar. Bent hefur verið á þennan vankant í Skólastefnuvinnunni. Skólanefnd Væntir þess að leitað verði úrbóta í kjölfar vinnu við Skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

6) Önnur mál: Sigfús Magnússon er orðinn varafulltrúi í skólanefnd í stað Guðmundar Sævars Guðmundssonar.

Fundi slitið kl. 18:00,

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (sign)

Jón Einar Jónsson ritari (sign)

Ásmundur Guðmundsson (sign)

Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir (sign)

Ingunn Höskuldsdóttir (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir (sign)

Sólbjört S. Gestsdóttir (sign)